

Fagleg umræða og
gagnsæi

30. nóvember 2011

Upplýsingastefna Fjármálaeftirlitsins

Ein af þremur meginstoðum í stefnu Fjármálaeftirlitsins er fagleg umræða og gagnsæi. Lögð er áhersla á fagleg samskipti við þá aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með og miðlun upplýsinga sem stuðlað geta að markaðsaðhaldi. Fjármálaeftirlitið leitast jafnframt við að auka almennan skilning á samfélagslegu hlutverki sínu og þekkingu á þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Gagnvart þeim aðilum sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með er þetta einkum gert með því:

- Að leggja áherslu á upplýsingamiðlun og góð samskipti. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins leitast við að efla tengslin með því að vera faglegir, opinskáir, sjálfum sér samkvæmir og nákvæmir.
- Að birta efni á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins til upplýsingar og skilningsauka varðandi útfærslu á löggjöf og sem viðmið um hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, s.s. reglur, leiðbeinandi tilmæli, túlkanir og eftir atvikum dreifibréf.
- Að senda út til hagsmunaaðila og birta á vefsíðu svonefnd umræðuskjöl og bjóða þeim að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum áður en eftirlitið samþykkir og birtir reglur og leiðbeinandi tilmæli.
- Að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum, þ. á m. vettvangsathugunum, stjórnvaldsáskvarðanir og sáttir. Sjá nánar gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins

Gagnvart fjölmiðlum og almenningi er þetta einkum gert með því:

- Að gera hlutverk Fjármálaeftirlitsins sýnilegt neytendum, eftirlitsskyldum aðilum og öðrum áhugasömum og að skýra frá aðgerðum Fjármálaeftirlitsins til að vernda notendur fjármálaþjónustu.
- Að veita þær upplýsingar sem unnt er og útskýra hver ástæðan er ef ekki er hægt að gefa svar við fyrirspurnum.
- Að miðla upplýsingum um fjármálamarkaðinn og niðurstöðum greininga á mikilvægum þáttum hans.
- Að miðla þekkingu um alþjóðlegt samstarf stofnunarinnar á sviði fjármálaeftirlits.